

**Nd.**

**797. Nefndarálit**

[68. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Meiri hluti n. hefur samþykkt að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún feli nefnd þeirri, sem nú vinnur að heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, að taka það til gagngerrar skoðunar. Þá afgreiðslu verður að telja jafngilda frávisun af nefndarinnar hálfu, því jafnvel þótt treysta mætti ríkisstjórninni til þess arna er undirrituðum nefndarmanni kunnugt vegna eigin setu í endurskoðunarnefndinni að hún hefur ákveðið að taka ekki til meðferðar lagafrumvörp frá Alþingi. Þar að auki er í hæsta máta ólíklegt að téð nefnd ljúki störfum á því tímabili sem henni var sett, ef nokkurn tíma, þar sem hún hefur nú ekki verið kölluð saman í fullar tólf vikur eða ekki síðan hluti verkefna hennar var afgreiddur í síðustu kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er meiri hl. heilbr.- og trn. kunnugt.

Um þá aðkallandi þörf, sem kallar á lagabreytinguna sem frv. gerir ráð fyrir, vísast til greinargerðar með því á þingskjali 73.

Alþingi, 14. maí 1976.

Vilborg Harðardóttir.